

**Fundargerð**  
**Fundur þróunarsamvinnunefndar 10. mars 2023**  
**Kl. 09:00-11:00 í Grímsstofu UTN og á Teams**

**Mætt:**

Þórir Guðmundsson, formaður þróunarsamvinnunefndar, Atli Viðar Thorstensen, Rauða krossinum á Íslandi, Birna Þórarinsdóttir, UNICEF á Íslandi, Erna Bjarnadóttir, Miðflokkki (á Teams), Geir Gunnlaugsson, Háskóla Íslands (á Teams), Gísli Rafn Ólafsson, Pírötum (á Teams), Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, Alþýðusambandi Íslands, Laufey Birgisdóttir, ABC barnahjálpi, Ragnar Gunnarsson, Samband íslenskra Kristniboðsfélaga, Ragnar Schram, SOS barnaþorpum og Sjöfn Vilhelmsdóttir, GRÓ-LRT (á Teams).

Bjarni Jónsson, Vinstri grænum, Bryndís Haraldsdóttir, Sjálfstæðisflokkki, Guðrún Helga Jóhannsdóttir Diop, Barnaheill – Save the Children á Íslandi, Halldór Benjamín Þorbergsson, Samtökum atvinnulífsins, Jakob Frímagn Magnússon, Flokkki fólksins, Stella Samúelsdóttir, UN Women á Íslandi, Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir, Viðreisn, Þórarinn Ingi Pétursson, Framsóknarflokkki og Þórunn Sveinbjarnardóttir, Samfylkingunni, boðuðu forföll.

**Fulltrúar utanríkisráðuneytisins:** Elín Rósa Sigurðardóttir, þróunarsamvinnuskrifstofu.

**Hluta fundarins sátu að auki:** Benedikt Höskuldsson, þróunarsamvinnuskrifstofu, Erla Hlín Hjálmarsdóttir, deild innri málefna og eftirlits og Oddur Ingi Stefánsson, þróunarsamvinnuskrifstofu.

**Nefndarritari:** Agnes Hauksdóttir.

**1. Fundur settur (kl. 09:00)**

Formaður bauð fundargesti velkomna, fór yfir dagskrá fundarins og opnaði fundinn. Fundargerð síðasta fundar sem haldinn var 30. desember var samþykkt. Athugasemd var gerð við fundargerð frá vinnufundi nefndarinnar sem haldinn var 20. janúar sl. Bent var á að bæta mætti við umræðum um að auka mætti samstarf við félagasamtök og hvernig hægt væri að nýta krafta félagasamtakanna við að innleiða stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Þá var einnig gerð athugasemd við að minnast mætti á umræður um samstarf við aðila atvinnulífsins.

**2. Niðurstöður vinnufundar (kl. 09:05)**

Farið var yfir helstu niðurstöður frá vinnufundi nefndarinnar en þar var til umræðu gerð nýrrar stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Fulltrúar sammæltust um að ekki ætti að hverfa frá markmiðinu um að veittar séu 0,7% af vergum þjóðartekjum til þróunarsamvinnu en setja þurfi raunhæf markmið í átt að því takmarki. Til dæmis væri hægt að leggja til 0,05% hækkun á ári og þá væri markmiðinu náð árið 2030. Í nýrri stefnu þurfi að leggja sérstaka áherslu á jafnréttismálin en þau séu einn helsti styrkleiki Íslands þegar kemur að þróunarsamvinnu. Þá var bent á að heilbrigðis- og menntaverkefni innan ramma héraðsnálgunar væru einnig mikilvægur styrkleiki og að verkefni í þróunarsamvinnu væru sem næst þeim vettvangi sem fátækt fólk lifir og hrærist í.

Auka megi slagkraft þegar kemur að þróunarsamvinnu en það sé t.a.m. hægt að gera með því að efla samvinnu þeirra aðila sem koma að þróunarsamvinnu með einum eða öðrum hætti. Það væri t.d. hægt að gera undir formerkjum „Team Iceland“ en sú hugmynd hefur einnig verið rædd á öðrum fundum nefndarinnar. Tækifæri felist einnig í auknu samstarfi við félagasamtök en það sé líka góð leið til þess að auka slagkraftinn þegar kemur að þróunarsamvinnu. Félagasamtökin njóti almennt trausts og stuðnings frá almenningi og hafi auk þess gott og stórt tengslanet.

Mikilvægt sé að stefnan sé skýr, aðgengileg og auðskiljanleg fyrir almenning. Stefnuna sé hægt að nýta til þess að gefa almenningi betri mynd af því hvað felist í þróunarsamvinnu og mikilvægi hennar. Fræða þurfi almenning betur um þróunarsamvinnu.

Rætt var um þann kostnað sem fellur til innanlands sem flokkast undir opinbera þróunarsamvinnu (e. ODA). Þar er t.d. hægt að nefna kostnað við móttöku flóttafólks, kostnað tengdan GRÓ skólunum sem og umsýslukostnað í ráðuneytinu. Hækka þurfi framlög til þróunarsamvinnu ef gera á ráð fyrir því að kostnaður vegna móttöku flóttafólks fari af fjárlögum þróunarsamvinnu. Mikilvægt sé að slíkur kostnaður sé viðbót við það fjármagn sem veitt er til þróunarsamvinnu.

### **3. Loftslagsmál og þróunarsamvinna (kl. 09:45)**

Benedikt Höskuldsson, sérstakur erindreki í umhverfis- og loftslagsmálum á þróunarsamvinnuskrifstofu, fór yfir fjölbjóða samstarf Íslands þegar kemur að umhverfis- og loftslagsmálum í þróunarsamvinnu. Ísland hefur tvær stórar skuldbindingar þegar kemur að umhverfis- og loftslagsmálum, annars vegar eru það heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og hins vegar Parísarsamkomulagið.

Loftslagsbreytingar hafi engin landamæri og ekkert eitt land geti eitt og sér leyst þær áskoranir sem þeim tengjast. Allir þurfi að leggja sín lóð á vogarskálarnar því loftslagsbreytingar komi okkur öllum við. Um 700 milljónir manna í heiminum búa við orkufátækt sem brýnt sé að leysa ef ná á heimsmarkmiðum SP og Parísarsamkomulaginu. Lang stærsti hluti þessa fólks býr í Afríku sunnan Sahara. Ísland geti og þurfi að styðja við önnur ríki í þeirra viðleitni við að ná sínum markmiðum tengdum heimsmarkmiðunum og Parísarsamkomulaginu. Styðja þurfi við valdeflingu ríkja svo þau sjálf hafi burði til þess að takast á við loftslagsbreytingar með aðstoð alþjóðasamfélagsins.

Vandamálin sem heimurinn standi frammi fyrir vegna loftslagsbreytinga séu risavaxin og það fjármagn sem þurfi til þess að leysa vandamálin, sé það líka. Auknir fjármunir hafa verið settir í loftslagstengd verkefni og sjóði en nýlega voru framlög í Græna loftslagssjóðinn (e. Green Climate Fund) tvöfölduð. Mikið fjármagn vantar enn upp á og ljóst er að opinberir fjármunir muni ekki duga einir og sér til þess að takast á við loftslagsbreytingar og þau vandamál sem þær hafa í för með sér. Fjármagnið sem þarf sé nú þegar til en það sem upp á vantar sé um 1% af heildarfjármagni einkageirans. Því þurfi að huga að auknu samstarfi við einkageirann og góðgerðarsjóði.

Staðan í heiminum öllum sé alvarleg og liggi á að hægja á framgangi loftslagsbreytinga. Ljóst sé að heimsmarkmiðunum verði ekki náð fyrir árið 2030 eins og stefnt hefur verið að. Halda þurfi hlýnun jarðar innan við 2° og helst innan 1,5° ef ná á markmiðum Parísarsamkomulagsins.

Spurt var um hvernig tengja mætti saman þróunarsamvinnu og þá áherslu á að aðstoða fátækasta fólkið við loftslagsmálin. Leysa þurfi orkufátæktina en það sé mikilvægur liður í því að hægt sé að ná heimsmarkmiðunum og Parísarsamkomulaginu. Þau ríki sem glími við mikla orkufátækt noti orkugjafa á borð við kol sem hafi slæm áhrif á umhverfið. Ef ekkert sé að gert í öðrum löndum skipti þær aðgerðir sem farið er í gegn loftslagsbreytingum á Íslandi litlu máli. Skoða þurfi loftslagsmálin heildrænt því við séum öll í sama báti þegar komi að loftslagsvandamálum þar sem þau virði engin landamæri. Nauðsynlegt sé að fá alla að borðinu svo hægt sé að vinna saman að lausnum. Þá sé t.d. hægt að skoða frekari notkun á lághita jarðvarma fremur en jarðhita. Vinnsla lághita jarðvarma sé ódýrari tækni auk þess sem auðveldara sé að nálgast lághitann. Vinnsla jarðhita sé mjög dýr og áhættusöm og hafi auk þess ekki alltaf skilað tilætluðum árangri. Lághita jarðvarmi sé hins vegar góð lausn til þess að tryggja fæðuöryggi en hann sé t.d. hægt að nota við kælingu og þurrkun matvæla.

Rætt var um mikilvægi þess að þeir aðilar sem starfi á sviði þróunarsamvinnu séu meðvitaðir um áhrif loftslagsbreytinga á verkefni. Íslendingar þurfi jafnframt að vera meðvitaðir um að þeirra lifnaðarhættir hafi slæm áhrif í öðrum löndum.

#### **4. Rýni á þátttöku Íslands í Ungliðaáætlun Sameinuðu þjóðanna (kl. 10:20)**

Erla Hlín Hjálmarsdóttir, skrifstofustjóri innri málefna og eftirlits og Oddur Ingi Stefánsson, sérfræðingur á þróunarsamvinnuskrifstofu, fóru yfir innri rýni á þátttöku Íslands í Ungliðaáætlun Sameinuðu þjóðanna (e. Junior Professional Officer Program). Ísland tók þátt í Ungliðaáætluninni frá 2005 til 2015 og áður en tekin var ákvörðun um að ganga aftur í Ungliðaáætlunina var ákveðið að gera innri rýni á þátttökunni og í hverju hún hefði skilað sér. Þátttaka Íslands í Ungliðaáætluninni er ein leið til þess að veita þróunarstuðning í gegnum kerfi Sameinuðu þjóðanna á sama tíma og ungu fólki er gefið tækifæri til þess að öðlast starfsreynslu innan alþjóðastofnana.

Á árunum 2005 til 2015 höfðu 10 einstaklingar tekið þátt í Ungliðaáætluninni. Öll sem tóku þátt starfa enn á sviði þróunarsamvinnu eða alþjóðamála. Tvö starfa innan stofnana Sameinuðu þjóðanna, tvö starfa hjá utanríkisráðuneytinu, þrjú starfa hjá frjálsum félagasamtökum í þróunarsamvinnu og þrjú starfa innan akademíunnar með áherslu á alþjóðleg málefni. Þátttakan hafi skilað margvíslegum árangri en hún sé t.a.m. einn liður í því að byggja upp mannauð.

Ungliðastöðurnar eru á svokölluðu P2 stöðugildi innan kerfis Sameinuðu þjóðanna. Oftast er gerð krafa um að umsækjendur hafi lokið meistaraáráðu ásamt tveggja ára viðeigandi starfsreynslu. Stöðurnar eru til eins árs með möguleika á eins árs framlengingu. Huga þarf að því að þær stöður sem valdar eru hverju sinni passi vel við helstu áherslur Íslands í þróunarsamvinnu. Oftast sé mikill áhugi á stöðunum en ekki nái allir að standast þær kröfur sem Sameinuðu þjóðirnar setji. Í ár auglýsti ráðuneytið þrjár ungliðastöður; hjá OCHA í Jerúsalem, UN Women í Jórdaníu og World Food Programme í Síerra Leóne.

Fram kom ánægja meðal fulltrúa að Ísland hefði að nýju hafið þátttöku í ungliðaáætluninni. Ungliðastöðurnar gefi ungu fólki dýrmæta reynslu og þekkingu eins og sést í niðurstöðum

rýnnar. Bent var á að fjölga mætti þeim tækifærum sem stæði ungu fólki til boða, t.a.m. vanti tækifæri fyrir háskólanema sem hafi áhuga á að stunda rannsóknarvinnu á vettvangi.

## **5. Önnur mál (kl. 10:50)**

Formaður ræddi um dagskrá nefndarinnar fram að hausti. Til stendur að nefndin skrifi umsögn um stefnu Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu en leggja á stefnuna fram á Alþingi í haust. Í maí heldur utanríkisráðuneytið samráðsfund sem fulltrúum nefndarinnar verður m.a. boðið á.

Formaður lagði til að næsti fundur nefndarinnar yrði haldinn 26. maí nk. Jafningjarýni þróunarsamvinnunefndar OECD verði fullkláruð á þeim tíma og vinna að nýrri stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands verði þá komin langt á leið. Næsti fundur færi því í að ræða um jafningjarýnina og gerð nýrrar stefnu. Yrði fundurinn jafnframt sá síðasti fyrir sumarfrí.

Stefnt er að því að hafa fyrsta fund eftir sumarfrí þann 25. ágúst og þá gæti vinna hafist við umsögn um stefnuna. Næsta fund eftir það væri hægt að halda þann 15. september en þá væri hægt að bera umsögnina undir alla fulltrúa nefndarinnar.

Nefndarfulltrúar samþykktu að fundargerðir yrðu samþykktar rafrænt svo ekki þurfi að bíða með birtingu fundargerða ef langt liði á milli funda. Gefnir verða fimm dagar til athugasemda og ef engar athugasemdir berast innan þess tíma er litið svo á að fundargerðin sé samþykkt.

## **Fundi slitið kl. 11:00.**